

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Rio Tinto á Íslandi Hafnarfjörður



Dags eftirlits	30.8.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Rio Tinto á Íslandi	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Straumsvík	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6804660179	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðrún Þóra Magnúsdóttir	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Eiríkur Baldursson	Staðsetning	352084,248 397144,812

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í álver Rio Tinto í Straumsvík og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

- Staðan frá síðasta eftirliti, stöðvanir þurrhreinsistöðva
- Umhverfisvöktun
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Rekstraraðili ræddi um starfsleyfið og óskaði skýringa á ýmsum þáttum þess, jafnframt var rætt um reglugerð um umhverfisupplýsingar sem er nú í samráðsgátt og skörun hennar við önnur skil sem rekstraraðili þarf að standa á, en oft þarf að skila sömu upplýsingunum og mismunandi staði.

Farið var yfir rekstur þurrhreinsistöðva, en rekstraraðili tilkynnir stofnunni þegar stöðvarnar detta út og þá ástæðu og tímalengd stöðvunar. Stöðvun þurrhreinsistöðva kemur helst til út af viðhaldsvinnu og við útleysingu á rafmagni. Rekstraraðili hefur unnið að kerfi sem keyrir sjálfkrafa upp stöðvarnar slái þær út og fram kom að sú vinna gengi vel. Kerfið virkar nú vel í þurrhreinsivirki 3 en einhver vinna er eftir í þurrhreinsivirkjum 1 og 2. Með tilkomu þeirra stýttist viðbragðstíminn til muna slái þurrhreinsivirkjunum út.

Rætt var um umhverfisvöktun almennt, niðurfellingu þynningar svæðis og svæði takmarkaðrar ábyrgðar. Rætt var um loftgæðastöðina á Hvaleyrarholti, endurnýjun á búnaði og von um fjölgun birkis á svæðinu umhverfis álverið til að bæta gróðurmælingar.

Undir önnur mál var rætt um nýtingu vatns, úr borholum á svæðinu, í kælikerfi álversins og hvort að vart hefði orðið við seltu í vatninu. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðili hefur svo ekki verið enda myndi það hafa áhrif á tækni búnað í álverinu og kæmu fljótt í ljós ef selta væri í vatninu.

Að loknum fundi var farið í skoðunarferð um vélaverkstæði og aðalverkstæði álversins og ekki var tilefni til athugasemda.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.09.2024

*Sigríður Magnúsdóttir*

Sigríður Magnúsdóttir